

HAFRANNSÓKNIR

39. hefti



Aðalsteinn Sigurðsson:
**Skarkolamerkingar við Ísland
árin 1953–1965**

Gunnar Jónsson:
**Skrá um fisktegundir sem fundist hafa
innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar**

HAFRANNSÓKNIR

39. hefti

Útgefandi:
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn:
EIRÍKUR P. EINARSSON
GUNNAR JÓNSSON
HRAFNKELL EIRÍKSSON

ISSN 0258 – 381X

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1989

Prentvinnsla: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

EFNISYFIRLIT Contents

- Aðalsteinn Sigurðsson:*
Skarkolamerkingar við Ísland árin 1953–1965 5–24
Tagging of plaice in Icelandic waters 1953–1965
- Gunnar Jónsson:*
Skrá um fisktegundir sem fundist hafa
innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar 25–56
Fish species inside the 200 mile fishing limits around Iceland

Aðalsteinn Sigurðsson

Skarkolamerkingar við Ísland árin 1953–1965

Inngangur

Árið 1903 merkti danski fiskifræðingurinn Johannes Schmidt (1907) 280 skarkola í Skjálfanda og voru það fyrstu skarkolamerkingar hér við land. Næstu árin á eftir merktu Danir nokkur hundruð skarkola í viðbót og árið 1951 voru þeir búnir að merkja hér 4.218 skarkola (Schmidt 1907, Bjarni Sæmundsson 1913, Tåning 1929 og Árni Friðriksson 1952). Árni Friðriksson (1952) telur að Íslendingar hafi ekki merkt nema 700 skarkola á árunum 1927–51, en sú tala er of lág þar sem 322 skarkolar voru merktir í Hamarsfirði 1947 (Hermann Einarsson 1956a), 40 skarkolar í Vopnafirði 1948 og 50 skarkolar í Aðalvík 1950 (óbirt gögn) og 677 í Faxaflóa 1951 (Hermann Einarsson 1956b). Þetta eru samtals 1.089 skarkolar. Merkingin í Vopnafirði 1948 fékk merkingarnúmerið 4 svo eitthvað virðist vanta af merktum skarkola, sem mér hefir ekki tekist að finna.

Á árunum 1953–65 voru svo merktir 46.888 skarkolar á ýmsum stöðum kringum landið, þar af 21.835 í Faxaflóa. Heildarendurheimtur úr þeim merkingum fram til ársloka 1968 voru 10.308 eða 22.0%. Talsvert hefir verið merkt af skarkola eftir 1965, en þeim merkingum verða ekki gerð nein skil hér.

Göngur skarkolans

Hafinu í kringum Ísland var skipt niður í 9 svæði (1. mynd). Í þessari ritgerð eru svæðin notuð til þess að sýna í grófum dráttum hvernig skarkolaendurheimturnar dreifast.

Merkt var á allmörgum stöðum kringum landið og birt er eitt kort frá hverjum af þeim helstu til að sýna göngur þaðan (2.–14. mynd).

Eins og sjá má á kortunum ferðast skarkoliinn mikið í kringum

landið og sennilega meira en margir hafa búist við. Það kemur þó meira á óvart, að hann hefir farið alla leið austur í Hvítahaf, eins og sýnt er á 15. mynd (Aðalsteinn Sigurðsson 1982).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu göngum skarkolans hér við land, en þar er margs að gæta, sem villt getur fyrir. Má þar nefna, að sóknin í skarkolann hefir verið misjöfn bæði eftir árstíðum og einnig frá ári til árs. Þá hefir mismunurinn verið mikill eftir landshlutum ekki síst í notkun veiðarfæra. Ennfremur hefir gerð merkja haft nokkuð að segja. Framan af voru aðallega notuð svokölluð Petersen merki, en þau voru tvær kringlóttar ebónitplötur, sem festar voru með silfur- eða stálvír. Þessi merki festust oft í þorskanetum og komu því tiltölulega fleiri endurheimtur af netasvæðum t.d. af Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð á meðan þau voru notuð en síðar þegar aðrar gerðir, sem ekki festust í veiðarfærum voru eingöngu notaðar.

Göngur fiska eru einkum taldar vera tvenns konar, það er hrygningargöngur og fæduleitargöngur. Þar að auki virðist skarkoli, sem ekki fer í hrygningargöngur, dýpka á sér yfir veturinn, vegna kulda í sjó næst landi á þessum árstíma. Eitthvað mun svo vera um flæking fiska án þess að hægt sé að flokka hann undir ofannefndar göngur.

Hrygningargöngur skarkolans eru misjafnlega miklar eftir landshlutum, enda misjafnlega langt á heppileg hrygningarsvæði. Stundum liggja gönguleiðir yfir nothæf hrygningarsvæði eins og þegar skarkoli úr Faxaflóa fer suður fyrir land til hrygningar, en hann hlýtur þá að fara um Hafnaleir eða Miðnessjó þar sem mikil hrygning á sér stað. Lengstar eru hrygningargöngurnar frá svæðum þar sem sjórinn er kaldastur við norður- og austurströndina. Þar mun þó vera einhver hrygning, en óvíst að hve miklu gagni hún kemur (Bjarni Sæmundsson, 1926, Tåning 1929, Vilhjálmur Þorsteinsson, munnlegar upplýsingar).

Það kemur e.t.v. einhverjum á óvart, að skarkoli hrygnir lítið eða ekkert inni í Faxaflóa. Ástæðan er sú, að sjórinn í flóanum kólnar það mikið að vetrinum, að of kalt verður þar fyrir hrygningu. Hitinn getur farið niður fyrir 1° C í febrúar, enda sést það glögg á endurheimtum úr merkingum í Faxaflóa að skarkolinn leitar út úr honum á haustin og í átt að hrygningarstöðvum.

Á 1. töflu má sjá hvernig skarkolinn úr Faxaflóa endurheimtist á hinum ýmsu svæðum kringum landið eftir mánuðum. Gögnin eru frá merkingum sumrin 1955–58. Þar sést að fyrir utan merkingarsvæðið, svæði 2, fást endurheimtur einkum á svæði 3 og 9 (1. mynd), þ.e.a.s.

við Vestfirði og á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar. Nokkrar endurheimtur fengust líka á Hafnaleir-Miðnessjó í mars og apríl (svæði 1). Þaðan hefði hins vegar mátt vænta fleiri endurheimta eins og vikið verður að síðar.

Þessar endurheimtur munu fyrst og fremst sýna hrygningargöngur, en þó er talsvert um endurheimtur allt árið á svæði 3 svo að fleira hlýtur að koma til. Tåning (1929) ályktaði út frá mjög fáum endurheimtum af skarkola merktum í Faxaflóa árin 1908 og 1909 að koli, sem fer suður fyrir land, fari þangað til að hrygna, en sá, sem fer til Vestfjarða sé í fæduleit. Hann ályktaði þetta út frá meðallengd kolans við merkingu, en hún var 9,7 cm minni á þeim, sem til Vestfjarða fór, en hinum, sem fór suður fyrir land (2. tafla). Þar sem aðeins var samtals um 11 kola að ræða er ályktunin nokkuð djörf. Þegar allmargar endurheimtur frá seinni tímum voru teknar til athugunar, kom í ljós að nokkur munur er á meðallengd við merkingu eftir því hvora leiðina kolinn fór (3. tafla) eða 3,1 cm minni við Vestfirði. Ef meðallengd við endurheimtu er hins vegar reiknuð út verður annað uppi á teningnum. Þá er meðallengdin 1,5 cm meiri við Vestfirðina, og mikið af þeim kola, sem um er að ræða, hlýtur að hafa verið kynþroska þegar hann endurveiddist. Þar sem skarkoli hrygnir talsvert út af Vestfjörðum verður að gera ráð fyrir að kynþroska koli, sem þangað er kominn úr Faxaflóa, hrygni þar, þó svo ókynþroska fiskur hafi sennilega slæðst þangað líka.

Á kortinu á 2. mynd eru sýndar endurheimtur úr skarkolamerkingum í Faxaflóa árin 1953–65. Merktir voru samtals 21.835 kolar. Sjá má að skarkoli úr þessum merkingum hefir endurheimst á öllum svæðum við landið nema á svæði 5 við austanvert Norðurland. Tilsvarendi dreifingu frá öðrum merkingarstöðum má sjá á hinum kortunum (3.–14. mynd) og bendir það til þess, að nokkuð sé um flækinga, sem ekki er hægt að flokka undir eiginlegar hrygningar- eða fæduleitargöngur. Göngurnar austur um haf, (15. mynd, Aðalsteinn Sigurðsson 1982) benda líka til þess, að skarkolinn flækist eitthvað án þess að vera á hrygningargöngu eða í fæduleit.

Á 3. mynd má sjá hvernig endurheimtur úr merkingum á Hafnaleir og í Miðnessjó (svæði 1) dreifast. Merktir voru 4.849 skarkolar á árunum 1955, 1957–58 og 1960–65. Merkingarnar fóru að mestu leyti fram á hrygningartíma. Endurheimtur hafa fengist kringum allt landið, en mest á svæðunum frá Vestmannaeyjum til Vestfjarða og þó einkum í Faxaflóa. Á 4. töflu eru aðeins sýndar endurheimtur úr merkingum á hrygningartíma enda var þá einkum merkt til þess að

sjá hvert kolinn færi eftir hrygninguna. Það kemur í ljós, að yfir helm-ingur af endurheimtunum fékkst í Faxaflóa. Það er heldur ekkert undarlegt að stór hluti þess skarkola, sem hrygnir á Hafnaleir og í Miðnessjó, sé þaðan, en þar er eitt stærsta uppvaxtar- og fæðusvæði skarkolans hér við land og stutt á þetta hrygningarsvæði.

Það er athyglisvert hve mikið endurveiðist á svæði 3 og hve endurheimturnar eru dreifðar á alla mánuði ársins gagnstætt því, sem er á öðrum svæðum þar sem lítið eða ekkert endurveiðist um miðjan veturinn (sjá 1. og 4.–9. töflu). Ástæðan er sennilega sú, að togarar hafi veitt allmikið á skarkolaslóðum undan Vestfjörðum að vetrinum og meira en á öðrum svæðum við landið. Einnig sýnir þetta, að skarkoli víðsvegar við landið leitar á Vestfjarðamið og er þar á öllum tímum árs.

Pegar um er að ræða skarkola, sem merktur er á hrygningartíma á Hafnaleir eða í Miðnessjó (4. tafla) og endurveiðist síðar á hrygningartíma við Vestfirði, bendir það til þess, að hann hrygni ekki alltaf á sömu hrygningarsvæðum. Útlit er þó fyrir að aðalreglan sé sú, að skarkolinn gangi á hrygningarsvæðum með heppilegum skilyrðum, hrygni þar, en gangi síðan í leit að fæðu á uppvaxtarsvæði sín. Hér-landis mun sjávarhitinn ráða mestu um hrygningarsvæðin.

Á 4. mynd má sjá hvernig endurheimtur dreifast frá sumarmerkingum við Ólafsvík. Þar voru merktir 733 skarkolar á árunum 1956–62. Endurheimtur fengust aðallega við vestanvert landið og eru þær áþekkar dreifingu frá öðrum merkingum vestanlands.

Á 5. mynd sjást endurheimtur frá merkingum, sem aðallega fóru fram við mynni Arnarfjarðar að sumrinu. Þar voru merktir 2.764 skarkolar á árunum 1955–63 og 1965. Flestar endurheimturnar fengu-ust á Vestfjarðasvæðinu, þó að nokkrar hafi einnig komið frá öðrum landshlutum. Virðist aðal hrygningarsvæði skarkolans við Vestfirði vera undan Vestfjörðunum sjálfum. Dreifingin á 6. mynd styður einnig þessa tilgátu, en sú mynd sýnir endurheimtur af skarkola, sem merktur var á Aðalvík að sumrinu árin 1955–63 og 1965. Alls voru merktir 2.448 skarkolar. Þó að meiri hluti kolans hafi endurveiðst við Vestfirði fengust samt dreifðar endurheimtur í kringum allt landið. Það sem meira er þá hafa 2 skarkolar merktir á Aðalvík farið austur um haf. Annar endurveiddist við Hjaltlandseyjar, en hinn austur í Barentshafi. Þriðji skarkolinn, sem fór austur um haf frá Vestfjörðum var merktur í Arnarfjarðarmynni en endurveiddist austur í Hvítahafi, (15. mynd, Aðalsteinn Sigurðsson, 1982).

Á Húnaflóa voru merktir 1.346 skarkolar sumrin 1955–56 og 1959–

61. Á 7. mynd má sjá dreifingu endurheimta og lítur út fyrir, að hrygningin þaðan fari einkum fram við Vestfirði.

Í Eyjafirði voru merktir 1.334 skarkolar sumrin 1955, 1957–63 og 1965. Endurheimturnar benda til þess, að aðal hrygningastöðvarnar séu við Vestfirði, en eins og sjá má á 8. mynd hafa fengist dreifðar endurheimtur í kringum mestallt landið.

Sumrin 1955–63 og 1965 var merktur 3.271 skarkoli í Skjálfanda. Endurheimtur hafa fengist í kringum allt landið en þó mest við Vestfirði utan merkingarsvæðisins eins og sjá má á 9. mynd. Þar munu aðal hrygningastöðvarnar vera, þó eitthvað af skarkola slæðist líklega austur fyrir land og hrygni við Suðausturland, eins og sjá má á 5. töflu, sem sýnir hvernig endurheimtur skarkolans dreifast eftir svæðum og mánuðum.

Á 10. mynd er sýnt hvernig endurheimtur skarkoli dreifist frá merkingum á Eiðisvík sumrin 1955–57, 1960–63 og 1965. Merktir voru 2.200 skarkolar. Útlit er fyrir, að kolinn fari bæði til Vestfjarða og að suðaustanverðu landinu til að hrygna, en talsverðar endurheimtur fengust á öllum svæðunum nema við suðvestanvert landið, þar sem engin endurheimta fékkst á svæði 1 og aðeins tvær á hvoru svæðanna 2 og 9. Á svæði 8 fengust endurheimtur á hrygningartíma og á næstu mánuðum við hann (6. tafla), en á svæði 3 eru endurheimturnar dreifðar meira og minna yfir árið.

Frá Reyðarfirði leitar skarkolinn meira suður fyrir land og mun einkum hrygna við Suðausturland, en mikið af honum hefir endurveiðst í Reyðarfirðinum sjálfum (11. mynd). Á 7. töflu má sjá að endurheimturnar á svæði 8 fengust aðallega á hrygningartíma (mars, apríl, maí). Merkingarnar fóru fram að sumrinu árin 1955–59 og 1962 og voru 548 skarkolar merktir.

Göngur skarkolans, sem merktur var í Fáskrúðsfirði að sumrinu 1955–62 og 1965 (12. mynd), eru svipaðar göngum Reyðarfjarðarkolans og munu aðal hrygningarsvæðum hans því einnig vera við Suðausturland.

Við Vestmannaeyjar var einkum merkt í febrúar og mars, þ.e.a.s. rétt fyrir og á hrygningartíma. Merkt var árin 1957 og 1960–62 (13. mynd). Alls var merktur 871 skarkoli. Hér er aðallega um göngur frá hrygningarsvæðum að ræða. Utan merkingarsvæðisins hefir endurveiðst við Vestfirði og í Faxaflóa. Á 8. töflu sést hvernig endurheimturnar skiptast milli svæða og mánaða. Þar sést að endurheimturnar á merkingarsvæðinu fengust einkum á hrygningartíma, en við Vestfirði og í Faxaflóa að sumrinu. Í Faxaflóa er þetta í góðu samræmi við það,

sem að framan er skráð, þar sem gert er ráð fyrir því, að sumt af skarkolanum í flóanum gangi suður fyrir land til hrygningar, en leiti síðan aftur á uppvaxtarsvæðin í Faxaflóa að sumrinu. Hins vegar benda merkingarnar við Vestfirði ekki til mikilla hrygningargangna þaðan suður fyrir land, svo varla er um verulegar göngur á uppvaxtarsvæði frá Vestmannaeyjum til Vestfjarða að ræða. Það virðist því vera nokkur óregla á þessari kenningu þó eitthvað af kola gæti hafa endurveiðst við Vestfirði á leið sinni á aðrar stöðvar.

Á 14. mynd má sjá dreifingu á endurheimtum af skarkola, sem var að mestu leyti merktur að sumrinu 1956–62 við Þjórsár- og Affallsósa. Merktir voru 1.689 skarkolar. Endurheimturnar minna talsvert á þær, sem sýndar eru á 13. mynd af merkingum við Vestmannaeyjar. Þó hefir meira endurveiðst á merkingarsvæðinu sjálfu. Það mun vera vegna þess, að þarna var merkt að sumri gagnstætt því, sem var við Vestmannaeyjar, og því vafalaust meira af þeim stofni, sem vaxið hefir þar upp.

Tafla 9 sýnir hvernig endurheimtur dreifast á svæði og eftir mánuðum. Þar sést einnig á flestum töflunum að endurheimtur við Vestfirði (svæði 3) dreifast meira yfir mestallt árið en á öðrum svæðum. Mun það sýna jafnari sókn í skarkolann allt árið en annars staðar við landið. Á svæði 9 (Vestmannaeyjar–Selvogsbanki) fengust engar endurheimtur vetrarmánuðina nóvember til febrúar. Mun það vera vegna þess að þá hafi ekki verið notuð þar veiðarfæri, sem ná skarkolanum.

Lokaorð

Eins og að framan getur eru göngur skarkolans einkum hrygningargöngur og fæðuleitargöngur. Þar að áuki leitar kolinn yfirleitt á meira dýpi út frá landi að vetrinum þegar sjórinn kólnar við ströndina, en færir sig til baka þegar hlýnar að vorinu.

Hrygningargöngur fara fram að hausti og vetri, vegna þess að hiti í sjónum er ekki alls staðar heppilegur fyrir hrygningu og klak. Leitar því kolinn á þær slóðir, þar sem sjávarhiti er við hæfi. Hér við land er selta ekki takmarkandi.

Fyrir Norður- og Austurlandi er sjávarhiti það lágur, að hann mun tæpast vera nægur til þess að klak geti heppnast þar. Leitar því skarkolinn á þessum svæðum að miklu leyti í hlýrri sjó annars staðar við landið.

Frá Norðurlandi leitar skarkolinn einkum til Vestfjarða til hrygn-

ingar. Frá norðanverðum Austfjörðum virðist hann ganga bæði norður og vestur um til Vestfjarða og suður með Austfjörðum til Suðausturlands. Þegar sunnar dregur við Austfirðina leitar skarkolinn aðallega suður um til hrygningar.

Við Vestfirðina gengur skarkolinn frá landi á meira dýpi til hrygningar, þar sem sjávarhitinn er hærra en rétt við landið að vetrinum.

Við Suðurland dýpkar kolinn einnig á sér um hrygningartímann.

Í Faxaflóa verður of kalt að vetrinum fyrir hrygningu og klak, og leitar því skarkolinn í hlýrri sjó þegar að hrygningu líður. Göngur eru þegar byrjaðar í október áður en kólnun sjávar er orðin veruleg. Sennilega gengur kolinn snemma á hlýrri svæði til þess að auðvelda þroskun hrogna og svilja.

Hængarnir koma á undan hrygnunum á hrygningarsvæðin og dveljast þar lengur. Sem dæmi má nefna, að á Hafnaleir eru venjulega miklu fleiri hængar en hrygnur þegar líður á október, og eru svil flestra þeirra að þroskast.

Skarkolinn úr Faxaflóa hrygnir á Hafnaleir, á Selvogsbanka og við Vestfirði.

Eftir hrygningu er aðalreglan sú, að skarkolinn gengur á uppvaxtarsvæði sín í fæðuleit. Frá þessu munu þó vera talsverðar undantekningar.

Því hefur verið haldið fram, að skarkoli, sem er á göngu, fylgi ákveðnu dýpi og fari ekki yfir ála (Schmidt 1907). Þetta stenst ekki, enda hafa síðari tíma athuganir sýnt annað. Má þar nefna, að Bóas Jónsson skipstjóri á Reyðarfirði fékk eitt sinn skarkola í síldarnót á yfir 800–900 m dýpi undan Austfjörðum. Þá sýna göngur skarkolans austur um haf, að hann hefir einhverntíma farið yfir talsvert dýpi. Að lokum má geta þess að Walker og fleiri (1978) merktu skarkola með senditækjum í Norðursjó og fylgdust með þeim í lengri tíma. Sýndu þeir fram á að skarkolinn heldur sig mikið uppi í sjó á göngu, þ.e.a.s. þegar sjávarfallastraumar eru hagstæðir fyrir gönguleiðina.

Tilvitnanir


- Aðalsteinn Sigurðsson, 1982: Long Distance Migrations of Plaice (*Pleuronectes platessa* L.). *Rit Fiskideildar*, 6(4), 27–31.
- Árni Friðriksson, 1952: Marking of Fish in Europe during 1927–1951. *Rapports et Proces-Verbaux*, 132, 55–64.
- Bjarni Sæmundsson, 1913: Continued Marking Experiments on Plaice and Cod in Icelandic Waters. *Meddelelser fra Kommissionen for Havundersøgelser, Serie Fiskeri*, IV(6), 1–35.
- , 1926: *Fiskarnir (Pisces Islandiae)*. *Íslensk dýr*, I. Reykjavík.
- Hermann Einarsson, 1956a: Skarkolinn í Hamarsfirði. *Rit Fiskideildar*, 2(3), 1–20.
- , 1956b: Skarkolamerkingar í Faxaflóa 24. og 25. apríl 1951. *Ægir*, 49(17), 276.
- Schmidt, Johannes, 1907: Marking Experiments on Plaice and Cod in Icelandic Waters. *Meddelelser fra Kommissionen for Havundersøgelser, Serie Fiskeri*, II(6), 1–28.
- Tåning, Aa. Vedel, 1929: Plaice Investigations in Icelandic Waters. *Rapports et Proces-Verbaux*, LVII(4), 1–134.
- Walker, M. Greer, F. R. Harden Jones, G. P. Arnold, 1978: The movements of plaice (*Pleuronectes platessa* L.) tracked in open sea. *Journal du Conseil international pour l'Exploration de la Mer*, 38(1), 5–86.

Abstract


The article describes the results from numerous tagging experiments on plaice (*Pleuronectes platessa*) in Icelandic waters during the years 1953–1965.

At the end of the year 1968 some 10.308 plaice had been recaptured, amounting to 22.0% of the total number tagged.


The results indicate a very widespread migratory patterns, involving mostly spawning migrations in search of suitable spawning grounds but also feeding migrations.



1. mynd. Svæðaskipting við Ísland.
Tagging areas off Iceland.




2. mynd. Dreifing endurheimta frá merkingum í Faxaflóa 1953–65, eftir svæðum (1. mynd) kringum landið. Merkingareiturinn er skástríkaður.
Distribution of recaptures from tagging in Faxaflói during the years 1953–65. The square of tagging is hatched.




3. mynd. Endurheimtur úr merkingum á Hafnaleir og í Miðnessjó árin 1955–65 eftir svæðum kringum landið. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Hafnaleir and Miðnessjó during the years 1955–65.




4. mynd. Endurheimtur úr merkingum við Ólafsvík árin 1956–59 og 1961–62, á ýmsum svæðum kringum landið. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Ólafsvík during the years 1956–59 and 1961–63.




5. mynd. Endurheimtur úr merkingum í Arnarfjarðarmynni árin 1955–63 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður

Recaptures from tagging in Arnarfjörður during the years 1955–63 and 1965.




6. mynd. Endurheimtur úr merkingum á Aðalvík árin 1956–63 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Aðalvík during the years 1956–63 and 1965.




7. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum á Húnaflóa árin 1955, 1957 og 1959-61. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Húnaflói during the years 1955, 1957 and 1959-61.




8. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum í Eyjaförðu árin 1955, 1957-63 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Eyjaförður during the years 1955, 1957-63 and 1965.




9. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum á Skjálfanda árin 1955-63 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Skjálfandi during the years 1955-63 and 1965.




10. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum á Eiðisvík árin 1955-57, 1960-63 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Eiðisvík during the years 1955-57, 1960-63 and 1965.




11. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum í Reyðarfirði árin 1955-59 og 1962. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Reyðarfjörður during the years 1955-59 and 1962.




12. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum í Fáskrúðsfirði árin 1955-62 og 1965. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging in Fáskrúðsfjörður during the years 1955-62 and 1965.




13. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum við Vestmannaeyjar árin 1957 og 1960-62. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging off Vestmannaeyjar during the years 1957 and 1960-62.



14. mynd. Endurheimtur úr skarkolamerkingum við Þjórsár- og Affallsósa árin 1956-62. Merkingareiturinn er skástrikaður.

Recaptures from tagging off Þjórsá and Affall during the years 1956-62.



15. mynd. Stystu mögulegar gönguleiðir 6 skarkola, sem merktir voru við Ísland en fóru austur um haf (Aðalsteinn Sigurðsson 1982).

Shortest possible migration routes of six individual *P. platessa* tagged off Iceland.

1. TAFLA

Endurheimtur úr skarkolamerkingum í Faxaflóa sumrin 1955–1958, eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice from taggings in Faxaflói 1955–1958.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	1	11	—	2	—	—	7	—	—	—	—	21
2	3	3	13	16	29	6	16	68	37	26	10	5	232
3	6	2	6	3	14	13	3	15	12	11	6	6	97
4	—	—	1	1	—	1	1	1	—	1	—	—	6
5	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
6	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
7	—	1	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1
8	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
9	1	—	23	42	1	1	—	—	1	—	—	—	69
Samt.	10	7	54	62	46	21	20	91	50	38	16	11	426

2. TAFLA

Meðallengd skarkola við merkingu í Faxaflóa 1908 og 1909. Kolinn endurheimtist við Vestmannaeyjar og Vestfirði (Táning 1929).

Mean length of plaice tagged in Faxaflói 1908 and 1909 and recaptured near Vestmannaeyjar and Vestfirðir.

Endurheimtusvæði	Fjöldi eh.	Meðallengd við merkingu (cm)
Vestmannaeyjar	6	43,3
Vestfirðir	5	33,6
Mismunur		9,7

3. TAFLA

Meðallengd skarkola, sem merktur var í Faxaflóa á árunum 1953–58, bæði við merkingu og endurheimtu við Vestmannaeyjar og Vestfirði.

Mean length of plaice tagged in Faxaflói and recaptured near Vestmannaeyjar and Vestfirðir 1953–1958.

Endurheimtusvæði	Við merkingu		Við endurheimtu	
	Fjöldi eh.	Meðall. cm	Fjöldi eh.	Meðall. cm
Vestmannaeyjar	145	39,2	73	40,6
Vestfirðir	177	36,1	145	42,1
Mismunur		3,1		1,5

4. TAFLA

Endurheimtur skarkoli úr merkingum á Hafnarleir og í Miðnessjó frá febrúarlokum til aprílbyrjunar 1957–58, 1960–63 og 1965 eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice tagged in Faxaflói from February to April 1957–58, 1960–63 and 1965.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	20	10	2	7	3	5	3	7	—	—	57
2	—	1	6	20	12	43	76	82	44	52	4	1	341
3	8	2	7	5	17	20	7	16	13	27	22	16	160
4	—	—	1	—	—	—	1	3	—	—	—	1	6
5	1	—	—	—	—	—	2	—	—	—	—	—	3
6	—	1	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1
7	—	—	—	—	—	1	—	1	—	—	—	—	2
8	—	—	—	—	1	—	1	—	—	—	—	—	2
9	1	1	9	18	—	—	3	—	1	1	—	—	34
Samt.	10	5	43	53	32	71	93	107	61	87	26	18	606

5. TAFLA

Endurheimtur skarkoli úr merkingum í Skjálfanda 1955-60 eftir svæðum og mánuðum.
Recaptured plaice from taggings in Skjálfandi in 1955-60.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	1	—	—	—	—	—	1	—	—	—	2
2	—	—	3	3	—	—	1	—	—	—	—	—	7
3	10	8	18	14	16	19	17	7	10	17	18	8	162
4	1	1	3	6	6	6	6	3	3	4	—	—	39
5	1	1	11	22	22	113	70	25	15	14	18	—	312
6	—	1	—	—	—	2	—	3	—	2	—	—	8
7	—	—	—	—	2	1	1	1	—	1	—	—	6
8	—	—	3	5	1	1	2	—	—	—	—	—	12
9	—	—	1	1	—	—	—	1	—	—	—	—	3
Samt.	12	11	40	51	47	142	97	40	29	38	36	8	551

6. TAFLA

Endurheimtur skarkoli merktur á Eiðisvík 1956-57, 1960-63 og 1965 eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice tagged in Eiðisvík 1956-57, 1960-63 and 1965.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
2	—	—	—	—	—	—	—	2	—	—	—	—	2
3	3	—	3	—	4	2	2	4	—	3	5	2	28
4	1	—	1	2	—	5	8	1	1	2	—	1	22
5	1	—	3	6	2	4	9	6	5	4	1	—	41
6	1	—	2	4	4	23	3	49	3	9	—	—	98
7	1	—	3	—	2	5	2	2	1	—	1	—	17
8	—	1	3	5	8	—	—	—	—	1	1	1	20
9	—	—	—	—	—	2	—	—	—	—	—	—	2
Samt.	7	1	15	17	20	41	24	64	10	19	8	4	230

7. TAFLA

Endurheimtur úr skarkolamerkingum í Reyðarfirði 1955-59 og 1962 eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice from taggings in Reyðarfjörður 1955-59 and 1962.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	—	1	—	—	—	—	—	—	—	—	1
2	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
3	—	—	—	—	—	1	—	1	1	—	—	1	4
4	—	—	—	1	—	—	—	1	—	—	—	—	2
5	—	—	—	—	—	—	—	—	1	—	—	—	1
6	2	1	—	—	—	3	—	3	1	3	—	—	13
7	—	—	1	2	2	14	22	23	15	2	2	4	87
8	—	2	9	6	3	1	2	1	—	—	—	—	24
9	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Samt.	2	3	10	10	5	19	24	29	18	5	2	5	132

8. TAFLA

Endurheimtur úr skarkolamerkingum við Vestmannaeyjar í febrúar-mars 1957, 1960 og 1962 eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice tagged near Vestmannaeyjar in February-March 1957, 1960 and 1962.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	—	—	—	1	1	—	—	—	—	—	2
2	—	—	—	1	3	1	9	11	3	2	—	—	30
3	—	2	—	1	5	6	5	8	—	5	6	4	42
4	—	—	—	—	1	1	—	—	1	—	—	—	3
5	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
6	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1	—	—	1
7	—	—	—	—	—	3	—	—	—	1	—	—	4
8	—	—	—	—	1	—	—	1	—	—	—	—	2
9	—	—	8	26	1	1	6	3	1	2	—	—	48
Samt.	—	2	8	28	11	13	21	23	5	11	6	4	132

9. TAFLA

Endurheimtur skarkoli úr merkingum við Affalls- og Þjórsárósa 1956–62 (merkt að sumarlagi) eftir svæðum og mánuðum.

Recaptured plaice from taggings by Affall and Þjórsá 1956–1962.

Svæði	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	Samt.
1	—	—	—	—	1	—	—	—	—	1	—	—	2
2	—	—	—	—	—	1	2	2	1	4	—	—	10
3	—	1	2	1	2	5	3	1	3	1	2	3	24
4	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1	—	1
5	—	—	—	1	—	—	—	—	—	—	—	—	1
6	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
7	—	—	—	—	—	1	—	1	—	—	—	—	2
8	—	—	—	—	2	—	—	—	—	—	—	—	2
9	—	—	25	38	2	15	63	22	20	16	—	—	201
Samt.	—	1	27	40	7	22	68	26	24	22	3	3	243



Í skarkolaleiðangri 1978. Ljóm.: Gísli Ólafsson.

Gunnar Jónsson

Skrá um fisktegundir sem fundist hafa innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar

Inngangur


Hér fer á eftir skrá um þær fisktegundir sem hafa fundist innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Alls eru þetta 267 tegundir fiska þar af 37 tegundir brjóskfiska (20 háfiskar, 12 skötur, 5 hámys) og 230 tegundir beinfiska. Einnig er getið þeirra tveggja tegunda vankjálka (Agnatha) sem hér finnast.

Í bókinni „Íslenskir fiskar“ sem kom út árið 1983 er lýst 229 fisktegundum sem fundist höfðu innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar við Ísland auk tveggja tegunda vankjálka. Auk þess er getið 7 tegunda (tigrisháfur, græðisangi, ránarstirnir, brúna laxsild, deplalaxsild, djúpálsbróðir = leiráll, trjónuhali) sem fundist höfðu í námunda við mörkin. Loks bættust tvær tegundir (regnbogasilungur og drumbur) við þegar unnið var að lokafrágangi bókarinnar. Þessar tegundir eru taldar með hér enda munu þær allar hafa fundist innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar eftir því sem næst verður komist. Nú bætast við allmargar nýjar fisktegundir og er þar bæði um að ræða fisktegundir sem voru fundnar fyrir 1983 en upplýsingar skorti um (djúpskata, jensenskata, sléttthaus, njarðarstirnir, hvítstirnir, marstirnir, sæstirnir, stjörnustirnir, deplasilfurfiskur, polli, perluauga, bjúgtanni, úthafsálbrosma, úthafskarfi, litli hveljusogfiskur, slétt-hyrna, oddhyrna, svarthyrna, broddhyrna, gaddhyrna) og tegundir sem fundist hafa 1983 og síðar (dökkskjár, sláni, serklingur, kistufiskur, gleypir, blettaálbrosma, flathaus, ljóshyrna, trjónunefur og skagasurtla). Einni tegund (uggalaxsild) er sleppt hér að þessu sinni vegna ónógra upplýsinga.

Allmargar tegundir sem hér eru nefndar eru flækingar á Íslands-miðum og sumar hafa ekki sést nema einu sinni. Óljóst er með nokkrar tegundir hvort um flækinga er að ræða eða ekki og eru það einkum

hinir smáu miðsævis- og djúpfiskar af stirnaætt (Gonostomatidae) sem fundist hafa suður og vestur af landinu.

Að loknum fiskalista er getið um fundarstaði nokkurra fisktegunda og stundum heimilda auk þess sem athugasemdir eru við nokkrar tegundir vegna breyttra nafna.



Surtlusystir, Linophryne coronata. Ljósmynd: Jón Ögmundsson.

ÍSLENSKIR FISKAR

- | | |
|----------------|---|
| Yfirflokkur | Vankjálkar, AGNATHA |
| Flokkur | Hringmunnar, <i>Cyclostomata (Marsipobranchii)</i> |
| Ættbálkur | Heilgómar (Steinsugur) <i>Hyperoartia (Petromyzoniformes)</i> |
| | Steinsuguætt, PETROMYZONIDAE |
| | 1 sæsteinsuga, <i>Petromyzon marinus</i> Linneus, 1758 |
| Ættbálkur | Holgómar (Slímálar) <i>Hyperotreta (Myxiniformes)</i> |
| | Slímálaætt, MYXINIDAE |
| | 2 slímáll, <i>Myxine ios</i> Fernholm, 1981 |
| Yfirflokkur | Kjálkadýr, GNATHOSTOMATA |
| Flokkur | Brjóskfiskar, <i>Selachii (Chondrichthyes)</i> |
| Undirflokkur | Pvermunnar, <i>Euselachii</i> |
| Ættbálkur | Háfiskar, <i>Pleurotremata</i> |
| Undirættbálkur | Slétt háfar, <i>Notidanoidei</i> |
| | Brandháfaætt, HEXANCHIDAE |
| | 3 brandháfur, <i>Hexanchus griseus</i> (Bonnaterre, 1788) |
| | Hámeraætt, LAMNIDAE |
| | 4 hámeri, <i>Lamna nasus</i> (Bonnaterre, 1788) |
| | Beinhákarlaætt, CETORHINIDAE |
| | 5 beinhákarl, <i>Cetorhinus maximus</i> (Gunnerus, 1765) |

Sléttháfaætt, SCYLIORHINIDAE

- 6 gíslaháfur, *Apristurus laurussonii*
(Sæmundsson, 1922)
7 jensensháfur, *Galeus murinus* (Collett, 1904)
8 deplaháfur, *Scyliorhinus canicula*
(Linnaeus, 1758)

Kambháfaætt, PSEUDOTRIAKIDAE

- 9 kambháfur, *Pseudotriakis microdon*
Capello, 1868

Mannætuætt, CARCHARHINIDAE

- 10 tígrisháfur, *Galeocerdo cuvieri*
(Péron & Lesueur, 1822)

gráháfaætt, TRIAKIDAE

- 11 gráháfur, *Galeorhinus galeus* (Linnaeus, 1758)

Undirættbálkur **Gaddháfar, Squaloidei**

Gaddháfaætt, SQUALIDAE

- 12 rauðháfur, *Centrophorus squamosus*
(Bonnaterre, 1788)
13 svartháfur, *Centroscyllium fabricii*
(Reinhardt, 1825)
14 gljáháfur, *Centroscymnus coelolepis* Bocage &
Capello, 1864
15 þorsteinsháfur, *Centroscymnus crepidater*
(Bocage & Capello 1864)
16 skarðaháfur, *Dalatias lica* (Bonnaterre, 1788)
17 flatnefur, *Deania calceus* (Lowe, 1839)
18 dökkháfur, *Etmopterus princeps* Collett, 1904
19 litli loðháfur, *Etmopterus spinax* (Linnaeus, 1758)
20 færeyjaháfur, *Scymnodon obscurus*
(Vaillant, 1888)
21 hákarl, *Somniosus microcephalus*
(Bloch & Schneider, 1801)
22 háfur, *Squalus acanthias* Linnaeus, 1758

Ættbálkur **Skötur Hypotremata**Undirættbálkur **Gaddskötur, Rajoidei**

Skötuætt, RAJIDAE

- 23 maríuskata, *Bathyraja spinicauda* (Jensen, 1914)
24 skjóttá skata, *Raja (Amblyraja) hyperborea*
Collett, 1879
25 tindaskata, *Raja (Amblyraja) radiata*
Donovan, 1808
26 skata, *Raja (Dipturus) batis* Linnaeus, 1758
27 þrændaskata, *Raja (Dipturus) nidarosiensis*
Storm, 1881
28 náskata, *Raja (Leucoraja) fullonica*
Linnaeus, 1758
29 sjafnaraskata, *Raja (Malacoraja) spinacidermis*
Barnard, 1923
30 dröfnuskata, *Raja (Raja) clavata* Linnaeus, 1758
31 djúpskata, *Raja (Rajella) bathyphila* Holt &
Byrne, 1908
32 pólskata, *Raja (Rajella) fyllae* Lütken, 1888
33 jensensskata, *Raja jenseni* Bigelow &
Schroeder, 1950
34 hvítaskata, *Raja lintea* Fries, 1839

Undirflokkur **Hákettir Holocephali**Ættbálkur **Hámýs Chimaerea (Chimaeriformes)**

Hámúsaætt, CHIMAERIDAE

- 35 geirnyt, *Chimaera monstrosa* Linnaeus, 1758
36 stuttnefur, *Hydrolagus affinis* (Capello, 1867)
37 digurnefur, *Hydrolagus mirabilis* (Collett, 1904)

Trjónuætt, RHINOCHIMAERIDAE

- 38 langnefur, *Hariotta raleighana* Goode &
Bean, 1895
39 trjónufiskur, *Rhinochimaera atlantica* Holt &
Byrne, 1909

- Flokkur **Beinfiskar, Osteichthyes**
- Ættbálkur **Styrjur Chondrostei (Acipenseriformes)**
- Styrjuætt, ACIPENSERIDAE
- 40 styrja, *Acipenser sturio* Linnaeus, 1758
- Ættbálkur **Síldfiskar Isospondyli (Clupeiformes)**
- Berhausætt, ALEPOCEPHALIDAE
- 41 berhaus, *Alepocephalus agassizii* Goode & Bean, 1883
- 42 gjölnir, *Alepocephalus bairdii* Goode & Bean, 1879
- 43 slétthaus, *Bajacalifornia megalops* (Lütken, 1898)
- 44 bersnati, *Xenodermichthys copei* (Gill, 1884)
- Angaætt, SEARSIIDAE
- 45 græðisangi, *Holtbyrnia anomala* Krefft, 1980
- 46 marangi, *Holtbyrnia macrops* Maul, 1957
- 47 njarðarangi, *Maulisia maui* Parr, 1960
- 48 sæangi, *Normichthys operosus* Parr, 1951
- 49 ráningarangi, *Sagamichtys schnakenbecki* (Krefft, 1953)
- 50 ægisangi, *Searsia koefoedi* Parr, 1937
- Síldaætt, CLUPEIDAE
- 51 augnasíld, *Alosa fallax* (Lacepède, 1803)
- 52 síld, *Clupea harengus* Linnaeus, 1758
- 53 sardína, *Sardina pilchardus* (Walbaum, 1792)
- Undirættbálkur **Ljósberar Stomiatoidei**
- Stirnaætt, GONOSTOMATIDAE
- 54 njarðarstirnir, *Cyclothone acclinidens* Garman, 1899
- 55 hvítstirnir, *Cyclothone alba* Brauer, 1906
- 56 marstirnir, *Cyclothone braueri* Jespersen & Tåning, 1926
- 57 sæstirnir, *Cyclothone livida* Brauer, 1902
- 58 ægisstirnir, *Cyclothone microdon* Günther, 1878
- 59 græðisstirnir, *Cyclothone pallida* Brauer, 1902

- 60 stjörnustirnir, *Cyclothone pseudopallida* Mukhacheva 1964
- 61 ránarstirnir, *Gonostoma bathyphilum* (Vaillant, 1888)
- 62 kjálkastirnir, *Gonostoma elongatum* Günther, 1878
- Silfurfiskaætt, STERNOPTYCHIDAE
- 63 stóri silfurfiskur, *Argyropelecus gigas* Norman, 1930
- 64 suðræni silfurfiskur, *Argyropelecus hemigymnus* Cocco, 1829
- 65 norræni silfurfiskur, *Argyropelecus olfersi* (Cuvier, 1829)
- 66 norræna gulldepla, *Maurolicus muelleri* (Gmelin, 1788)
- 67 deplasilfurfiskur, *Valenciennellus tripunctulatus* (Esmark, 1871)
- Pollaætt, PHOTICHTHYIDAE
- 68 polli, *Pollichthys maui* (Poll, 1953)
- Meitaætt, ASTRONESTHIDAE
- 69 stjarnmeiti, *Astronesthes gemmifer* Goode & Bean, 1896
- 70 broddatanni, *Borostomias antarcticus* (Lönnerberg, 1905)
- Gelgjuætt, CHAULIODONTIDAE
- 71 slóans gelgja, *Chauliodus sloani* Schneider, 1801
- Marsnákaætt, STOMIIDAE
- 72 marsnákur, *Stomias boa ferox* Reinhardt, 1843
- Kolskeggjaætt, MELANOSTOMIIDAE
- 73 kolskeggur, *Trigonolampa miriceps* Regan & Trewavas, 1930
- Kolbildaætt, MALACOSTEIDAE
- 74 kolbildur, *Malacosteus niger* Ayres, 1848

- Undirættbálkur **Laxar, Salmonoidei**
- Laxaætt, SALMONIDAE
- 75 bleiklax, *Oncorhynchus gorbuscha* (Walbaum, 1792)
- 76 lax, *Salmo salar* Linnaeus, 1758
- 77 urriði, *Salmo trutta* Linnaeus, 1758
- 78 (regnbogasilungur, *Salmo gairdneri* Richardson, 1836)
- 79 bleikja, *Salvelinus alpinus* (Linnaeus, 1758)
- Gulllaxaætt, ARGENTINIDAE
- ásamt smámunnaætt, MICROSTOMATIDAE
- 80 stóri gulllax, *Argentina silus* (Ascanius, 1775)
- 81 litli gulllax, *Argentina sphyraena* Linnaeus, 1758
- 82 grænlandsnaggur, *Nansenia groenlandica* (Reinhardt, 1840)
- Skjáaætt, BATHYLAGIDAE
- 83 dökkskjár, *Bathylagus bericoides* (Borodin, 1929)
- 84 skjár, *Bathylagus euryops* Goode & Bean, 1896
- Loðsilaætt, OSMERIDAE
- 85 loðna, *Mallotus villosus* (Müller, 1776)
- Ættbálkur **Laxsíldir, Iniomi (Scopeliformes)**
- Undirættbálkur **Ljóssíldir, Myctophoidei**
- Skuggaætt, NOTOSUDIDAE
- ásamt uggaætt, SCOPELOSAURIDAE
- 86 uggi, *Scopelosaurus lepidus* (Krefft & Maul, 1955)
- Laxsílðaætt, MYCTOPHIDAE
- 87 ísalaxsild, *Benthosema glaciale* (Reinhardt, 1837)
- 88 madeirulaxsild, *Ceratoscopelus maderensis* (Lowe, 1839)
- 89 rafinslaxsild, *Diaphus rafinesquei* (Cocco, 1838)

- 90 gljálaxsild, *Lampadena speculigera* Goode & Bean, 1896
- 91 fenrislaxsild, *Lampanyctus crocodilus* (Risso, 1810)
- 92 atlantslaxsild, *Lampanyctus intricarius* Tåning, 1928
- 93 brúna laxsild, *Lampanyctus macdonaldi* (Goode & Bean, 1896)
- 94 punkta laxsild, *Myctophum punctatum* Rafinesque, 1810
- 95 langa laxsild, *Notoscopelus (Notoscopelus) kroeyerii* (Malm, 1861)
- 96 íshafslaxsild, *Protomyctophum (Hierops) arcticum* (Lütken, 1892)
- 97 deplalaxsild, *Symbolophorus veranyi* (Moreau, 1888)
- Undirættbálkur **Földungar, Alepisauroidei**
- Perluaugnaætt, SCOPELARCHIDAE
- 98 perluauga, *Benthalbella infans* Zugmayer, 1911
- Földungaætt, ALEPISAURIDAE
- 99 stóri földungur, *Alepisaurus ferox* Lowe, 1833
- Geirsílaætt, PARALEPIDIDAE
- 100 litla geirsíli, *Notolepis rissoi* (Bonaparte, 1840)
- 101 digra geirsíli, *Paralepis atlantica* Krøyer, 1868
- 102 stóra geirsíli, *Paralepis coregonoides borealis* Reinhardt, 1837
- Slánaætt, ANOTOPTERIDAE
- 103 sláni, *Anopterus pharao* Zugmayer, 1911
- Ættbálkur **Kjaftaglennur, Lyomeri (Saccopharyngiformes)**
- Pokakjaftsætt, SACCOPHARYNGIDAE
- 104 pokakjaftur, *Saccopharynx ampullaceus* (Harwood, 1827)

- Gapaldursætt, EURYPHARYNGIDAE
105 gapaldur, *Eurypharynx pelecانoides*
Vaillant, 1882
- Ættbálkur **Álar, Apodes (Anguilliformes)**
- Álaætt, ANGUILLIDAE
106 Áll, *Anguilla anguilla* (Linnaeus, 1758)
- Trjónuálaætt, SERRIVOMERIDAE
107 trjónuáll, *Serrivomer beani* Gill & Ryder, 1884
- Álsnípuætt, NEMICHTHYIDAE
108 álsnípa, *Nemichthys scolopaceus*
Richardson, 1848
- Hafálaætt, CONGRIDAE
109 hafáll, *Conger conger* ((Artedi, 1738)
Linnaeus, 1758)
- Djúpálaætt, SYNAPHOBRANCHIDAE
110 leiráll (djúpálsbróðir), *Histiobranchus bathybius*
(Günther, 1877)
111 djúpáll, *Synaphobranchus kaupi* Johnson, 1862
- Ættbálkur **Broddabakar, Heteromi**
(*Halosauriformes* + *Notacanthiformes*)
- Broddabakaætt, NOTACANTHIDAE
112 broddabakur, *Notacanthus chemnitzii*
Bloch, 1788
113 fjölbroadbakur, *Polyanthonotus rissoanus*
Filippi & Vérany, 1859
- Ættbálkur **Trýnisfiskar, Synentognathi (Beloniformes)**
- Undirættbálkur **Hornfiskar, Scomberesocidae**
- Hornfiskaætt, BELONIDAE
114 hornfiskur, *Belone belone* (Linnaeus, 1761)

- Geirnefsætt, SCOMBERESOCIDAE
115 geirnefur, *Scomberesox saurus* (Walbaum, 1792)
- Ættbálkur **Sænálar, Solenichthyes (Synganathiformes)**
- Undirættbálkur **Sæprjónar, Syngnathoidei**
- Sænálaætt, SYNGNATHIDAE
116 stóra sænál, *Entelurus aequoraeus*
(Linnaeus, 1758)
- Ættbálkur **Hornsíli, Thoracostei (Gasterosteiformes)**
- Undirættbálkur **Gaddsíli, Gasterosteidae**
- Hornsílaætt, GASTEROSTEIDAE
117 hornsíli, *Gasterosteus aculeatus* Linnaeus, 1758
- Ættbálkur **Porskfiskar Anacanthini (Gadiformes)**
- Langhalaætt, MACROURIDAE
118 trjónuhali, *Coelorhynchus coelorhynchus*
(Risso, 1810)
119 ingólfshali, *Coryphaenoides guentheri*
(Vaillant, 1888)
